



Bessastöðum,
4. apríl 2020

Xi Jinping
Forseti Kínverska alþýðulýðveldisins,
Beijing

Viðtuleyni Forseti

Á opinberum sorgardegi í Kína sendi ég fyrir mína hönd og íslensku þjóðarinnar samúðarkveðjur og hlýjar óskir til allra þeirra sem eiga um sárt að binda vegna COVID-19 faraldursins sem herjað hefur í landinu undanfarnar vikur og mánuði. Við deilum sorg ykkar og viljum sýna samhug í verki. Við erum líka þakklát fyrir samráð og stuðning ykkar á þessum erfiðu tímum.

Við stöndum andspænis sameiginlegum vágesti. Þótt ríki bregðist við eftir efnum og aðstæðum hverju sinni er ljóst að alþjóðasamfélagið þarf núna á einingu að halda. Því miður hefur reynst nauðsynlegt að hefta nær alveg ferðalög milli landa og víða ríkja ýmsar takmarkanir á för fólks. En þessi röskun mun ekki vara til frambúðar. Að því mun koma að við yfirbugum veiruna og komumst yfir þann skaða sem hún hefur valdið um víða veröld. Saman skulum við horfa vonaraugum til þeirra daga þegar íbúar heims geta hist og unnið saman á nýjan leik, ferðast og notið samvista hver við annan, mannkyni öllu til heilla.

Guðni Th. Jóhannesson

Guðni Th. Jóhannesson